

Frá: Þórunn Guðmundsdóttir/Lex

Dags: 29.08.2002 17:01:33

Til: olafur.davidsson@for.stjr.is, skarphedinn.steinarsson@for.stjr.is

Afrit: hjk@landsbanki.is

Efni: Sala á hlut Landsbanka Íslands í VÍS

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu,

bt. Ólafs Davíðssonar, formanns,
Forsætisráðuneytinu,
Við Lækjartorg,
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. ágúst 2002

Í ljósi síðustu atburða með umtalsverðar breytingar á eignum Landsbanka Íslands hf. (LÍ) óska ég, fyrir hönd Björgólfs Thors Björgólfssonar, Magnúsar Þorsteinssonar og Björgólfs Guðmundssonar, eftir að að fá svör eins fljótt og auðir er frá Einkavæðinganefnd við neðangreindum spurningum. Slíkt er nauðsynlegt sökum umfangs viðskiptanna og þeirrar staðreyndar að um 17% af hagnaði LÍ fyrri hluta ársins er rakinn til starfsemi Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS).

- Í fjölmiðlum í morgun birtist frétt um sölu LÍ á 27% af heildarhlutafé í VÍS, auk þess sem bankinn er með sölurétt á 21% til viðbótar í VÍS til Kers hf., Samvinnulífeyrissjóðsins, Eignarhaldsfélagsins Andvöku og Eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga. Var Einkavæðinganefnd kunnugt um þessi viðskipti? Ef svo er hefði ekki verið eðlilegt að ræða um slíkt á fundi sem umbjóðendur mínir áttu með Einkavæðinganefnd í gær?
- Nú eru allir þeir aðilar sem keyptu hlutabréf í VÍS beinir aðilar að viðræðum við Einkavæðinganefnd um kaup á kjölfestuhlut í LÍ og sátu fund með Einkavæðinganefnd í gær. Ræddu þessir aðilar möguleg kaup sín á VÍS á fundinum í gær? Ef ekki, telur Einkavæðinganefnd að trúnaður hefur verið brotinn í miðju einkavæðingaferli?
- Forstjóri annars aðila, Kaldbaks fjárfestingafélags hf., er í stjórn Eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga og Eignarhaldsfélagsins Andvöku, sem voru meðal þeirra félaga sem keyptu hlutabréfin í VÍS og eru í viðræðum við Einkavæðinganefnd um kaup á kjölfestuhlut í LÍ. Er ekki um hagsmunaárekstra að ræða þegar einn aðili tengist tveimur af þremur aðilum sem

Einkavæðinganevnd er að ræða við? Gera þessi tengsl hans við Kaldbak fjárfestingafélag hf. félagið vanhæft til kaupanna?

- Hefur Einkavæðinganevnd endurskoðað afstöðu sína gagnvart þeim aðilum sem keyptu hlutabréfin í VÍS af LÍ varðandi mögulega aðkomu þeirra að kaupum á kjölfestuhlut í LÍ? Eru þessir aðilar vanhæfir í ljósi þessara viðskipta?
- Er Einkavæðinganevnd kunnugt um einhverja aðra gjörninga varðandi LÍ og BÍ sem mögulega munu rýra verðmæti þeirra og þannig hafa áhrif á afstöðu þeirra aðila sem hafa sýnt bönkunum áhuga?
- Hvernig er fjármögnun þeirra hlutabréfa sem seld voru til Kers hf. (kaupir fyrir 2.630 mkr.), Samvinnulífeyrissjóðsins (kaupir fyrir 690 mkr.) og Eignarhaldsfélagsins Andvöku + Eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga (kaupa fyrir 500 mkr.) háttáð? Hvert er eiginfjárframlag þessara félaga og sjóða í kaupunum, lánstími og aðrar tryggingar?
- Hvernig hefur verið tryggt að fyrrnefndir aðilar muni standa við kaupskyldu á bréfunum? Ker hf. er skuldbundið til að kaupa til viðbótar 2.100 mkr., Samvinnulífeyrissjóðurinn 560 mkr. og Eignarhaldsfélagið Andvaka + Eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga 340 mkr.? Hvernig munu þau kaup vera fjármögnuð? Eru einhverjar útgönguleiðir fyrir viðkomandi aðila gagnvart kaupskyldunni?
- Er framtíðarverð í kaupskyldunni 26,0 eins og segir í fréttatilkynningu frá Ker hf., Samvinnulífeyrissjóðnum og Eignarhaldsfélögunum Andvöku + Samvinnutryggingum? Núvirðing þess verðs gefur að hluturinn er seldur á genginu 25,0. Meðalgengi í viðskiptunum er þannig 25,55. Er þetta rétt?
- Nú voru áhrif VÍS á afkomu LÍ jákvæð um 155 mkr. fyrri hluta ársins eða sem nemur 17% af hagnaði tímabilsins. Sér LÍ ástæðu til að endurmeta langtímaspár sínar um afkomu í ljósi þessa?

Ég er á förum til útlanda í fyrramálið og kem aftur 8. september næstkomandi. Svör við ofangreindum spurningum óskast því send til Ólafs Haraldssonar hdl., c/o Lex ehf., lögmannsstofa, olafur@lex.is, sem fer með mál þetta í fjarveru minni.

Virðingarfyllst,

Þórunn Guðmundsdóttir hrl

Lex ehf. lögmannsstofa

Lex Law Offices

Sundagarðar 2

104 Reykjavík

Tel: (354) 590 2600

Fax: (354) 590 2606

tota@lex.is

www.lex.is